

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Einnig var mætt til fundar Unnur Inga Dagsdóttir bókhaldari sveitarfélagsins undir lið 1..

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlunir 2021 og 2022-2024
2. Minjasafn Austurlands
3. Önnur mál

1. Fjárhagsáætlunir 2021 og 2022-2024

Á fundi sveitarstjórnar 8. desember var sveitarstjóra falið að leita álits endurskoðanda á fjárhagsáætlun 2021 og þriggja ára fjárhagsáætlun 2022-2024.

Eftir að hafa yfirfarið áætlun með endurskoðanda og bókhaldara var sveitarstjórn sammála um að gera breytingar á áætlun.

Fjárhagsáætlun 2021 með breytingum

Áætluð afkoma ársins 2021 er með afskriftum áætluð neikvæð (A og B hluti) 52 millj. Afskriftir eru áætlaðar 29.8 millj. Fjárfestingar eru áætlaðar samtals 95 millj. og er þjónustuhús við Hengifossá þar á meðal.

Samþykkt samhljóða

Fjárhagsáætlun 2022-2024 með breytingum

Áætluð afkoma ársins 2022 (A og B hluti) er með afskriftum neikvæð 16.3 millj. Fjárfestingar áætlaðar 98.4 millj.

Áætluð afkoma ársins 2023 (A og B hluti) með afskriftum er neikvæð 5,2 millj. Áætlaðar fjárfestingar 57.9 millj.

Áætluð afkoma ársins 2024 með afskriftum (A og B hluti) er áætluð jákvæð jákvæð 14,6 millj. Áætlaðar fjárfestingar 47,6 millj. Handbært fé í lok tímabils er áætlað 42 millj.

Samþykkt samhljóða

Unni Ingu er þakkað fyrir faglega vinnu við fjárhagsáætlanagerð

2. Minjasafn Austurlands

Sveitarstjórn telur að tillögur þess efnis að slíta Minjasafni Austurlands sem byggðasamlagi um áramótin eins og byggðaráð Múlaþings leggur til, vera of seint framkomin.

Oddvita og sveitarstjóra falið að óska eftir fundi með fulltrúum Múlapings um öll byggðasamlögin og önnur samstarfsverkefni sveitarfélaganna.

3. Önnur mál

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 18:20

Lárus ritaði fundargerð í tölvu